

Skýrsla starfshóps um aukna samvinnu og samstarf Fjölskyldu- og Fræðslu- og frístundasviðs í málefnum barna og ungmenna

Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri óskaði eftir því við sviðsstjóra Fjölskyldu- og Fræðslu- og frístundasviða að skipaður yrði starfshópur sem kæmi með tillögur að aukinni samvinnu sviðanna, með hagsmuni barna og ungmenna bæjarins að leiðarljósi.

Meginverkefni starfshópsins var að greina hvar verkefni sviðanna skarast og hvar hægt væri að ná fram meira samstarfi. Leita átti leiða til að styðja við fjölskyldur og greina vanda barna á fyrri stigum til að koma í veg fyrir að vandinn þróist til verri vegar. Stefna átti á þverfaglega nálgun sérfræðinga beggja sviða að málum fjölskyldna.

Sviðsstjórar skipuðu þrjá fulltrúa frá hvoru sviði í starfshópinn. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar voru fulltrúarnir þau Anna Björnsdóttir, Eiríkur Þorvarðarson og Geir Bjarnason. Frá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar voru Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, Haukur Haraldsson og Ólína Birgisdóttir skipuð. Ólína var formaður hópsins og Eiríkur ritari.

Starfshópurinn ákvað í upphafi að leita upplýsinga og hugmynda hjá starfsfólki sviðanna beggja og voru þrjár spurningar lagðar fyrir starfsmenn í þeim tilgangi.

Spurningarnar voru þessar:

1. Hvaða hindranir eru í samstarfi á milli Fjölskyldu- og Fræðslu og frístundaþjónustu?
2. Hvaða hugmyndir sjá starfsmenn sem lausn á hindrunum og hvaða úrræði vantar?
3. Hvaða nýbreytni í samstarfi þarf til að ná betri árangri?

Starfshópurinn vann úr svörum starfsmanna og nýtti sér við gerð tillagna er fram koma í greinargerð þessari.

Tillögur

1. Aukin stuðningsþjónusta hjá fjölskylduþjónustu

Lagt er til að Fjölskylduþjónustan vinni skv. víðasta ramma laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þannig gefst sveigjanleiki til að efla stuðningsþjónustuna hjá Fjölskylduþjónustunni og gera henni kleift að koma inn í málefni fjölskyldna, án þess að tilkynning berist til barnaverndar. Starfsfólki grunn- og leikskóla og forsjáaðilum gefst þá tækifæri á að leita aðstoðar vegna mála sem ekki falla undir lög um barnavernd. Hafa þarf skýra verkferla varðandi tilvísun í stuðningsþjónustu og tryggja þarf skilvirkt samstarf milli stuðningsþjónustu, heilsugæslu og Fræðslu- og frístundaþjónustu.

- Mikilvægt er að veita íbúum sveitarfélagsins þverfaglegan stuðning áður en málin verða flóknari og erfiðari.
- Stuðla þarf að snemmtækri íhlutun í málum barna og ungmenna.

Þjóða þarf fjölskyldum barna og ungmenna ráðgjöf og stuðning og vísa í fjölþætt úrræði eftir þörfum.

2. Samstarfsteymi þvert á svið

Til að auka markvissa og formlega samvinnu sviðanna í málefnum barna og ungmenna sem eiga við fjölþætta erfiðleika að stríða (s.s fatlanir, tilfinningaerfiðleika, fíkn og hegðunarraskanir), er lagt til að mynduð verði samstarfsteymi þvert á svið sem ynnu að einstaklingsmálum, þar sem áhersla er á langtíma eftirfylgni og þörf er á þverfaglegri aðkomu sérfræðinga.

Skýra þarf reglur um trúnað á milli sviðanna og forráðamenn þurfa að gefa upplýst samþykki fyrir samvinnu. Málastjóri er ábyrgur í hverju máli. Lagt til að aðilar frá báðum sviðum móti starfsreglur fyrir samstarfsteymi. Í dag er ekki formlegur og vel skilgreindur samstarfsvettvangur milli sviða í málefnum barna með fjölþættan vanda. Með þessum hætti yrði stuðningur við forsjáraðila og börn markvissari, þar sem fagaðilar sviðanna vinna saman að viðeigandi lausnum í samráði við fjölskylduna. Samstarfsteymi léttir álagi af fjölskyldum og stuðlar að aukinni samfellu í þjónustu í flóknari málum.

3. Skýrari verkferlar milli sviða

Þegar mál er í vinnslu á báðum sviðum er mikilvægt að unnið sé eftir skýrum verkferlum. Útbúa þarf slíka ferla þar sem þeir eru ekki til.

- Í dag eru ekki til formlegir verkferlar varðandi vinnslu sameiginlegra mála, sem getur valdið óskilvirkni í þjónustu við notendur. Skýrir verkferlar auðvelda markvissa samvinnu og auka líkur á samræmi og skilvirkni í úrvinnslu mála.

4. Sameiginleg námskeið og hópastarf

Lagt er til að Fjölskyldu- og Fræðslu- og frístundasvið meti í sameiningu þörf fyrir námskeið og hópastarf til að mæta þörfum, barna, ungmenna og forsjáraðila þeirra og standi saman að framkvæmd þeirra.

- Um er að ræða gagnreynd námskeið sem sýnt hefur verið fram á að bera raunverulegan árangur t.a.m. námskeið vegna kvíða, þunglyndis og hegðunarerfiðleika sbr. Klókir litlir krakkar, Klókir krakkar, Hugur og heilsa, ART, PMTO.
- Markvisst hópastarf hefur sýnt fyrirbyggjandi áhrif og spornað gegn félagslegri einangrun ásamt því sem það nýtist vel í starfi barna og ungmenna með sérþarfir. Mikilvægt er að skoða leiðir til að efla foreldrafærni einstaklinga sem t.d eru með íslensku sem annað tungumál. Án upplýsinga um siði og uppeldisreglur má ætla að erfiðar sé fyrir foreldra af erlendu bergi að ala upp börn hér á landi.

5. Kynningar og upplýsingar

Lagt er til að útbúinn verði sameiginlegur upplýsingagrunnur fyrir starfsmenn um þau úrræði sem eru í boði á vegum beggja sviðanna.

- Ýmis úrræði eru í boði innan Hafnarfjarðar sem geta hentað bæði börnum og foreldrum þeirra. Mikilvægt er fyrir starfsmenn að hafa yfirsýn yfir þau úrræði sem í boði eru hverju sinni.
- Lagt er til að útbúin verði samræmd kynning á þeirri þjónustu sem er í boði hjá fjölskylduþjónustu og á fræðslu- og frístundaþjónustu. Ennfremur að sú kynning verði haldin reglulega fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla.
- Til að auka líkur á að starfsmenn grunn- og leikskóla vísi málum í réttan farveg og nýti sér þá aðstoð sem er í boði hverju sinni. Mikilvægt er að auka fræðslu í skólakerfinu á þeirri lögbundnu þjónustu sem er í boði hjá fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu.
- Lagt er til að aðgengi að upplýsingum um þjónustu fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu verði aukið s.s. með því að útbúa kynningarefni (bæklingar/heimasiða). Mikilvægt er að til sé aðgengilegt efni á nokkrum tungumálum til að auðvelda starfmönnum bæjarins og bæjarbúum að þekkja hvert lögbundið hlutverk fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu eru.

6. Heimanámsaðstoð

Lagt er til að komið verði á heimanámsaðstoð fyrir nemendur í grunnskólunum, óháð færni, aldri, samfélagslegri stöðu eða þjóðerni, sem miðar að því að nemendur geti klárað heimanám sitt í skólunum. Útfærsla er á ábyrgð skóla.

- Áhyggjur eru af stöðu nemenda sem hafa takmarkaðan stuðning heima fyrir til að sinna heimanámi. Heimanámsaðstoð er því mikilvæg til að jafna aðstöðu nemenda sem ekki hafa nægan stuðning, eða í einhverjum tilvikum engan. Þetta getur létt álagi af fjölskyldum og aukið jákvæðari samveru.

7. Efla persónuleg tengsl á milli starfsfólks sviða

Lagt er til að tengsl starfsmanna beggja sviða verði efl.

- Til að stuðla að því að samvinna á milli sviða og sérfræðinga verði skilvirkari er mikilvægt að efla og viðhalda trausti á milli starfsmanna. Þannig er mikilvægt að hittast og mynda tengsl og traust, utan þeirra hlutverka sem við sinnum dags daglega. Þetta er hægt að gera með sameiginlegri fræðslu, samveru og hópefli.

Álit starfshóps

Ofangreindar tillögur miðuðust að því að auka samvinnu sviðanna um leiðir til að styðja við börn og fjölskyldur þeirra. Lögð var áhersla á að leggja fram tillögur sem stuðla að snemmtækri íhlutun, aukinni þverfaglegri samvinnu, forvörnum og nýbreytni. Starfshópurinn er sammála um að tillögur 1 og 2 verði settar í forgang til frekari úrvinnslu. Tillögurnar krefjast frekari útfærslu verkþátta, m.t.t. verklags og kostnaðar.

Náum árangri með samvinnu 😊

Hafnarfirði 8. júní 2017

Ólína Þirzisdóttir
Anna Björnsdóttir
Bela Guðrandsdóttir
Eiríkur Muntani
Gísli Gunnarsson
Haukur Haraldsson